



## Æfingagjöld/búningar

### Eitt æfingagjald fyrir tvær íþróttagreinar

Aðeins er greitt eitt æfingagjald fyrir bæði hand- og fótbolta. Foreldrar/forráðamenn barns gera félagssamning við ÍBV vegna æfingagjalda. Félagssamningurinn veitir barni rétt til æfinga í hand- og fótbolta. Æfingagjöld hjá ÍBV eru með þeim lægstu sem þekktist hér á landi. Veittur er afsláttur fyrir annað og þriðja barn, ekkert er greitt fyrir það fjórða. Félagssamningurinn (árgjaldið) er gerður um hver áramót. Í upphafi íþróttagöngu barns þurfa foreldrar að koma í Týsheimilið, gera samning og greiða árgjald. Til eru margvísleg greiðsluform sem haldast milli ára nema um annað sé beðið. Einnig er hægt að greiða hluta æfingagjalda með vinnuframlagi í gæslu á Þjóðhátíð.

### Búningar

Annað hvert ár (oddatölu ártöl) skaffar félagið iðkendum sínum keppnistreyju með eigin nafni og númeri þegar gengið hefur verið frá greiðslu æfingagjalda, þess utan þurfa foreldrar/forráðamenn að útvega treyjur. Keppnistreyjur á eingöngu að nota í leikjum. Iðkendur í öllum flokkum skulu sjálfir eiga annan nauðsynlegan útbúnað eins og t.d. stuttbuxur, sokka, hvítan síðerma innanundir bol, legghlífar og skó. Þjálfari ásamt foreldraráði skal stuðla að því að ekki sé keppt í öðrum fatnaði en þeim sem merktur er ÍBV (treyja og stuttbuxur). Foreldraráð hafa oft staðið að því að kaupa ákveðinn fatnað á allan flokkinn til að ná fram betri kjörum. Í því sambandi er góð regla að foreldraráð sjái um að fatnaður sé merktur til að auðvelda ut anumhald fatnaðar á mótum. Nauðsynlegt er að ráðfæra sig við starfsmann unglingaráðs eða framkvæmdastjóra áður en fatnaður er keyptur.